

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 4/2007.

Flugmálastjórn hefur ákveðið að þann 1. maí 2007 skulu reglur JAR-OPS 3, breyting 4 (Amendment 4) um flugrekstur með þyrlum sem gefnar voru út þann 1. desember 2006 taka gildi gagnvart íslenskum flugrekendum. Reglur þessar hafa verið unnar á vettvangi Flugöryggissamtaka Evrópu, JAA. Samhliða fellur úr gildi ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 6/2005, sama efnis.

Ákvörðun þessi er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands). Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 20. apríl 2007.

Pétur K. Maack flugmálastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. maí 2007